

FRÉTTA BRÉF

Fréttamolar úr skólastarfinu í Salaskóla - nóvember 2024

Fjölgreindaleikar & baráttudagur gegn einelti!


Í kjölfar mjög vel heppnaðra og skemmtilegra fjölgreindaleika þá héldum við upp á baráttudag gegn einelti. Við fengum vini okkar úr leikskólunum Rjúpnahæð og Fífusölum í heimsókn og eldri nemendur stýrðu leikjum með þeim yngri. Hápunkturinn var þegar við mynduðum vináttukeðju og knúsuðum skólann okkar. [Hér](#) má sjá myndband frá baráttudeginum.



Nýtt og gamalt!

Stundum vinnum við með prívídardrentara og notumst við gervigreind - og stundum er það gamli góði myndvarpinn og blýanturinn!

Fegurðin í námi og kennslu er að nota fjölbreytta nálgun og fjölbreyttar aðferðir sem nýtast öllum og þar sem við öll fáum að blómstra!



Nemendur hafa áhrif á matseðil!

Í lýðræðislegu samtali við nemendur sl. vor kom fram ósk þeirra um að fá að hafa áhrif á matseðil skólamötuneytisins. Í vetur hefur Triza matreiðslumeistarinn okkar sett upp kerfi þar sem hver árgangur fær að velja hvað er í matinn einu sinni yfir skólaárið. Val þeirra þarf að vera framkvæmanlegt innan þess ramma sem mötuneyti eru settar. Það voru 5. bekkingar sem riðu á vaðið í nóvember og völdu makkarónugraut og köku í eftirrétt! Nemendur í 2. bekk og 8. bekk munu velja einu sinni fyrir jól og aðrir árgangar á vorönn.

Oddaflug í 5.-7. bekk

Nemendur á miðstigi hafa verið að vinna að skemmtilegum og spennandi verkefnum í „Oddaflugi“ - en þar blandast nemendur í vinnuhópa á milli árganga og vinna að verkefnum sem ganga þvert á námsgreinar. Nemendur vinna á stöðvum, nota fjölbreytta nálgun við úrlausn verkefna og læra að vinna saman og með öðrum en þeir velja sér venjulega. Reynslan sýnir að í svona vinnu geti nemendur í meira mæli valið sér viðfangsefni og aðferðir við úrvinnslu og unnið út frá áhugasviði og styrkleikum. Oddaflugið gefur tækfæri til að brjóta niður ósýnilega vegg og reyna á sköpun og samvinnu á annan hátt en nemendur eru vanir.



Ungir skáksnillingar

Fyrir tilstilli öflugra foreldra sendum við sveit vaskra skáksnillinga til þátttöku í skólaskákmóti sem haldið var í Smáraskóla snemma í nóvember. Fulltrúar okkar voru fjórir nemendur úr 6. bekk, þeir Guðjón Veigar, Hannes Krummi, Heiðar Már og Reynir Elí. Piltarnir stóðu sig frábærlega og lentu í 2. sæti en einungis munaði einum vinningi á þeim og liðinu sem lenti í 1. sæti. Virkilega vel gert og innilega til hamingju!



Á döfinni!

- 4. des: Rauður dagur
- 5. des: Friðar- og ljósaganga foreldrafélagsins kl 17:00.
- 6. des: Sparinesti
- 9. - 15. des: Klukkustund kóðunar
- 19. des: jólaball 8.-10. bekkja um kvöldið
- 20. des: jólaball 1.-7. bekkja
- 3. jan: skipulagsdagur kennara
- 6. jan: kennsla hefst eftir jólaaleyfi

Dagskrá desembermánaðar á öllum stigum.